

Mál nr. 489/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Árekstur og orsakatengsl vegna líkmastjóns þ. 23.10.2011.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ.6.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf V dags. 23.11.2012 ásamt fylgiskjölum 1-8.

Málsatvik.

M var farþegi í bifreið sem A bakkaði á þ.23.10.2011 þannig að stuðari rispaðist og færðist til. M leitaði til læknis fjórum dögum síðar og segir læknirinn M hafa orðið fyrir hálsþnykk í umræddum árekstri og verið slæmur af verkjum í hnakka og herðum og niður eftir hryggsúlu eftir slysið. Þá segir í læknisvottorðinu að M hafi ekki leitað til læknisins vegna stoðkerfisvandamála fyrir umrætt umferðaróhapp. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og segir orsakatengsl milli tjónsatburðarins og meiðsla M jafnvel þó ekki hafi verið merkt við í tjón á fólki í slysinu. Þá dregur M skýrslu Aðstoðar og Öryggis ehf. úr forritinu PC Crash ekki hafa sönnunargildi. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki sé merkt við slys á fólki í tjónstilkynningu, lítið tjón hafi orðið á bifreiðinni sem M var farþegi í og mat læknis M byggja á frásögn hans en engum hlutlægum gögnum um eðli árekstursins. Þá vísar V til skýrslu Aðstoðar og Öryggis byggða á PC Crash forritinu þar sem fram kemur að árekstur hafi ekki verið harður eða höggþungi mikill við áreksturinn. Þá bendir V á að M þurfi að sanna tjón sitt og bótagrundvöllur sé fyrir hendi en það hafi M ekki gert.

Álit.

Takmörkuð læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu og ljóst er að ákoma var mjög lítil á bifreið M við áreksturinn. Gögn um ætlaðan hraða A og höggkraftinn vegna árekstursins benda til þess að um mjög litla ákomu hafi verið að ræða og hraði A hafi verið mjög lítill. Þess ber þó að geta að gagna um ökuhraða og annað því tengt er aflað einhliða af V þannig að varhugavert er að draga of víðtækar almennar ályktanir um sönnunargildi þeirra gagna þó þau veiti mikilvæga vísbendingu um málsatvik. Nokkrar en ekki tæmandi upplýsingar liggja fyrir um fyrra heilsufar M. Í ljósi þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu er vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra líkamlegu einkenna sem M lýsir sem afleiðingu árekstursins mjög mikill. M ber að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir því tjóni sem hér um ræðir. Með vísan til fyrirbyggjandi gagna telst M ekki hafa leitt nægar líkur að því að hafa orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar A. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 19.12.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.